



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 15/2019

Krafa um dagsektir á Gagnaveitu Reykjavíkur fyrir að virkja tengingar í fjarskiptainntaki sem uppfyllir ekki kröfur

I. Erindið

(1) Með tölvupóstum, dags. 4. og 5. apríl 2019, lagði Míla ehf. (Míla) fram kvartanir gegn Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. (GR) vegna tenginga í fjarskiptainntaki í þremur tilteknum húseignum (*mál nr. 2019040026*). Varðaði umkvörtunarefnið annars vegar að GR hefði tekið í notkun heimtaugar í fjarskiptainntaki, þar sem ekki væri fyrir hendi tengilisti og hins vegar að GR hefði tengt þráð innanhússfjarskiptalagnar tiltekinnar íbúðar í fjölbýlishúsi framhjá tengilista í húskassa og bræðisoðið þráðinn beint við heimtaug félagsins í inntaksboxi þess.

(2) Í erindum Mílu var höfð uppi sama krafa sem orðuð var með eftirfarandi hætti:

„Míla krefst þess með vísan til ákvörðunar PFS nr. 16/2018 og ákvörðun nr. 2/2019 að Póst- og fjarskiptastofnun beini því þegar í stað til Gagnaveitu Reykjavíkur að viðlögðum dagsektum að aftengja sig frá hinum ólögsmætu lögnum þar sem að framangreindar ákvarðanir PFS mæla fyrir um með skýrum hætti að GR er óheimilt að tengja sig þar sem slíkt ástand varir.“

(3) Í ljósi þess að um var ræða sömu kröfu í báðum kvörtununum, sem vörðuðu áþekk atriði, auk þess að beinast að sama aðilanum, þ.e. GR, ákvað PFS að leysa úr kvörtununum í einu og sama stjórnarsýslumálinu.

II. Vettvangsathugun og lýsing á aðstæðum í fjarskiptainntaki

(4) Í ljósi þess að PFS taldi ekki fært að meta aðstæður í fjarskiptainntaki þeirra húseigna sem kvörtun Mílu tekur til með áreiðanlegum hætti eingöngu út frá skriflegum málgögnum ákvað stofnunin að efna til vettvangsathugunar. Vettvangsathugunin var framkvæmd í tveimur hlutum dagana 17. og 22 maí s.l., sbr. skýrsla um niðurstöðu hennar, dags. 23. maí 2019, sem er viðauki við ákvörðunina.

(5) Rétt þykir að gera stuttlega grein fyrir aðstæðum í fjarskiptainntaki þeirra húseigna sem kvörtun Mílu tekur til, ásamt því að tilgreina hvenær tengingar GR á viðkomandi stöðum voru settar upp, sbr. eftirfarandi:

[...] íbúð [nr. 01-02] í Hafnarfirði. Um er að ræða fjölbýlishús í Hafnarfirði sem byggt var árið 1996. Fjarskiptainntakið er í hjólageymslu í sameign húsnæðisins.

Í þremur plastkössum eru inntök Mílu og GR og kassi sem hýsir tengilista innanhúslagna. Í tilfelli innanhússlagna íbúðar á jarðhæð hefur GR lagt tveggja þráða innanhúslögn viðkomandi íbúðar beint inn í inntakskassa sinn og bræðisoðið annan þráð lagnarinnar þar í stað þess að leggja til kassans sem geymir tengilista innanhúslagna og framkvæma tengingu þaðan.

Samkvæmt upplýsingum frá GR tengdi félagið íbúðina 28. febrúar 2019.

[...] í Reykjavík. Um er að ræða fjölbýlishús í miðbæ Reykjavíkur sem þjónar bæði verslun og þjónustu, ásamt því að vera íbúðarhúsnæði fyrir einstaklinga á efri hæðum. Húsið er byggt árið 2017 og er inntak fjarskiptalagna á fyrstu hæð við aðalinnangang.

Í fjarskiptainntakinu hefur GR tengt viðskiptavin/viðskiptavini með tvíleiðara. Laus aukaþráður innanhússlagnar (einnig tvíleiðari) er skilinn eftir í knippi á botni skáps sem hýsir fjarskiptainntakið. Míla hefur sett upp tengilista fyrir þá þræði ljósleiðarans sem félagið tekur inn í húsið. Ekki er fyrir hendi tengilisti af hálfu húseiganda sem hægt er að tengja á milli með tengisnúru.

Samkvæmt upplýsingum frá GR var síðasta tenging félagsins í þessari húseign sett upp þann 29. apríl 2019.

[...] í Reykjavík. Um er að ræða nýbyggt eða a.m.k. verulega endurnýjað fjölbýlishús með byggingarársaldurinn 2018. Inntak fjarskiptalagna var í sérstöku þar til gerðu rými í kjallara sameignarinnar.

Í fjarskiptainntakinu hefur GR tengt viðskiptavin/viðskiptavini með tvíleiðara. Laus aukaþráður innanhússlagnar (einnig tvíleiðari) er skilinn eftir í knippi á botni skáps sem hýsir fjarskiptainntakið. Míla hefur sett upp tengilista fyrir þá þræði ljósleiðarans sem félagið tekur inn í húsið. Ekki er fyrir hendi tengilisti af hálfu húseiganda sem hægt er að tengja á milli með tengisnúru.

Samkvæmt upplýsingum frá GR var síðasta tenging félagsins í þessari húseign sett upp þann 25. mars 2019.

III. Sjónarmið aðila

3.1. Sjónarmið Mílu

3.1.1. Fyrri kvörtun, dags. 4. apríl 2019

(6) Aðalumkvörtunarefni Mílu er að GR skuli setja upp og nota tengingar í fjarskiptainntaki, þar sem ekki hefur verið settur upp tengilisti. Þessu er lýst nánar í erindi Mílu:

„Í [...] hefur ekki verið komið upp tengilista fyrir strengenda innanhússlagna eins og reglur um innanhússfjarskiptalagnir nr. 1111/2015 ásamt síðari breytingum mæla fyrir um. Á þessum stað hefur Gagnaveita Reykjavíkur bræðisoðið sitt inntak við innanhússlagnir til að veita þjónustu í þessum heimilisföngum. Þarna eru virkir viðskiptavinir GR. Nefna má að húseigandi hefur ekki orðið við ítrekuðum ábendingum Mílu og hefur bent á að GR sé komið með tengingu og fær þar með ekki séð nauðsyn á að setja upp tengilista þar sem að viðskiptavinir geti einfaldlega tengt sig við GR til að fá þjónustu. Á þessum stað hætti notandi við að tengjast Mílu og ákvað að tengja sig fremur við GR af þessum sökum. Þetta er það sem Míla hefur margbent á að sé afleiðing þessarar ólögmætu háttsemi að tilstuðlan GR og er raunverulega samkeppnishamlandi og brýtur með gegn lögbundnu jafnræði fjarskiptafyrirtækja, sbr. 60. gr. fjarskiptalaga. Þetta er því miður algeng afstaða húseiganda og húsbyggjenda og sýnir hversu brýnt er að gripið sé með afgerandi hætti inn í hið ólögmæta ástand.

Það er mjög mikilvægt að PFS grípi til aðgerða án tafar þar sem að viðskiptavinir Mílu bíða eftir að verða tengir við fjarskiptanet Mílu. Ljóst er að hér er um mikilvæga viðskipta- og samkeppnishagsmuni Mílu og ekki síst hagsmuni viðskiptavina til að geta valið milli fjarskiptafyrirtækja. Míla telur að málsatvik séu upplýst og að einboðið sé að um sé að ræða ólögmætan frágang innanhússfjarskiptalagna þar sem að enginn tengilisti innanhússfjarskiptalagna er til staðar.

Ef þurfa þykir er Míla reiðubúin að senda myndir af vettvangi og jafnframt að fara með PFS á vettvang ef það tefur ekki málsmeðferðina óþarflega.

Í [Engihlíð 5], setti Míla upp húskassa og tengilista fyrir innanhússlagnir. Það er því til staðar bæði húskassi og innanhússlögn. Hins vegar hefur GR kosið að fara fram hjá þeim húskassa og hefur bræðisoðið beint við inntak GR. Það er því enginn aukapráður til staðar á tengilista í húskassa og þar af leiðandi enginn aðgangspunktur til staðar fyrir Mílu að tengjast ef viðskiptavinur vill færa sig yfir.

Í ljósi þess hversu brot gegn fjarskiptalögum og reglum um innanhússlagnir hafa verið tíð, endurtekin og langvarandi af hálfu Gagnaveitu Reykjavíkur og þess að Míla hefur sannanlega misst viðskipti vegna þessarar ólögmætu háttsemi er krafist flýtimeðferðar hjá PFS.“

3.1.2. Síðari kvörtun, dags. 5. apríl 2019

(7) Síðari kvörtun Mílu er sama efnis og fyrri kvörtun og því lýsingin á aðstæðum í fjarskiptainntaki á svipuðum nótum, auk þess sem sjónarmiðin sem liggja til grundvallar af sama meiði og undirbyggja þannig báðar kvartanirnar, sbr. eftirfarandi:

Í [...], 101 Reykjavík hefur ekki verið komið upp tengilista fyrir strengenda innanhússlagna eins og reglur um innanhússfjarskiptalagnir nr. 1111/2015 ásamt síðari breytingum mæla fyrir um. Á þessum stað hefur Gagnaveita Reykjavíkur bræðisoðið sitt inntak við innanhússlagnir til að veita þjónustu í þessum heimilisföngum. Þarna eru virkir viðskiptavinir GR eftir því sem Míla best veit. Húseigandi hefur ekki orðið við ítrekuðum ábendingum Mílu og hefur bent á að GR sé komið með tengingu og fær þar með ekki séð nauðsyn á að setja upp tengilista þar sem að viðskiptavinir geti einfaldlega tengt sig við GR til að fá

þjónustu. Á þessum stað er því notendum sem vilja tengjast Mílu beint til GR af þessum sökum. Þetta er það sem Míla hefur margbent á að sé afleiðing þessarar ólögmætu háttsemi að tilstuðlan GR og er raunverulega samkeppnishamlandi og brýtur með gegn lögbundnu jafnræði fjarskiptafyrirtækja, sbr. 60. gr. fjarskiptalaga. Þetta er því miður algeng afstaða húseiganda og húsbyggjenda og sýnir hversu brýnt er að gripið sé með afgerandi hætti inn í hið ólögmæta ástand. Þetta er nákvæmlega sambærilegt því sem hefur átt sér stað til dæmis í [...], 101 Reykjavík, sem Míla hefur þegar sent kvörtun yfir, sbr. kvörtun Mílu í tölvupósti í gær, 4. apríl.

Eins og segir í fyrri kvörtunum Mílu er mjög mikilvægt að PFS grípi til aðgerða án tafar þar sem að viðskiptavinir Mílu bíða eftir að verða tengir við fjarskiptanet Mílu. Ljóst er að hér er um mikilvæga viðskipta- og samkeppnishagsmuni Mílu og ekki síst hagsmuni viðskiptavina til að geta valið milli fjarskiptafyrirtækja. Míla telur að málsatvik séu upplýst og að einboðið sé að um sé að ræða ólögmætan frágang innanhússfjarskiptalagna þar sem að enginn tengilisti innanhússfjarskiptalagna er til staðar.

3.2. Sjóarmið GR

(8) Með tölvupósti PFS, dags. 8 apríl 2019, var GR send kvörtun Mílu til umsagnar. Jafnframt óskaði PFS eftir upplýsingum um tengidagsetningar á tengingum GR í þeim húseignum sem kvörtun Mílu tók til.

(9) Sjóarmið félagsins bárust með tölvupósti, dags. 17. apríl 2019, ásamt þeim upplýsingum um tengidagsetningar sem PFS hafði óskað eftir. Í erindinu er m.a. vikið að lagaskilum reglna um innanhússfjarskiptalagnir og aðkomu verkataka húsbyggjandans að málum, sbr. eftirfarandi:

„Kvörtun Mílu sem snýr að [...] og [...] á við um húsnæði þar sem allt var lagt í og tengt í tíð eldri reglna, núverandi reglur tóku gildi þann 1. júlí 2018, sbr. reglur 421/2018 sem birt voru á vef stjórnartíðinda þann 18. apríl 2018.

[...] – Nýbygging - hér er útlit fyrir að rafverktaki hafi dregið ljósleiðarastrengi í íbúðir á milli 12. og 24. febrúar 2018 og splæst í inntaki þann 25. maí 2018. Hér er um nýbyggingu að ræða og verkið unnið út frá því að húsbyggjandi gangi frá tengilista í samræmi við ábyrgð skv. byggingarreglugerð.

[...] – Við fyrstu heimsókn GR höfðu rafverktakar hússins ekki lokið vinnu í húsinu og óvíst hvaða aðili dró ljósleiðarastrengi í íbúðir. Inntak GR var tengt við íbúðarstrengi 26.10.2017. Hér er um nýbyggingu að ræða og verkið unnið út frá því að húsbyggjandi gangi frá tengilista í samræmi við ábyrgð skv. byggingarreglugerð.

GR hefur ítrekað upplýst byggingaraðila um ábyrgð þeirra skv. gildandi byggingarreglugerð varðandi þau atriði sem snúa að fjarskiptalögnum þar sem GR hefur átt snertingu við byggingaraðila.

[...] í Hafnarfirði var tengd í febrúar 2019 og því í tíð núgildandi reglna en samkvæmt myndum sem teknar voru við uppsetningu hjá GR er ekki aðeins til staðar tvíleiðari heldur tengimöguleiki hvort sem viðkomandi fjarskiptafélag notast við tengilista eða splæsing, sbr. neðangreindar myndir sem sýna annars vegar

tengimöguleika í sameign og hins vegar innan íbúðar og því í samræmi við gildandi reglur um innanhússlagnir.

[mynd fjarlægð]

GR þykir rétt að vísa til fyrri svara í ljósi endurtekinna kvartana sem Míla vísar til í kvörtun sinni. Þ.m.t. sjónarmið GR í undirbúningsferli breytinga á reglum um innanhússlagnir nr. 421/2018 og er það raunar mat GR að núverandi reglur brjóti gegn því ákvæði sem Míla vísar til í 60. gr. fjarskiptalaga um jafnræði fjarskiptafyrirtækja, það getur vart talist eðlilegt, og löglegt, að með reglunum er skv. fyrri ákvörðunum PFS verið að krefja GR um að bera kostnað við tengingar samkeppnisaðila Mílu, sem er þar að auki skilgreind með umtalsverðan markaðsráðandi styrk.“

3.3. Athugasemdir Mílu við sjónarmið GR

(10) Mat Mílu á sjónarmiðum GR er að ekki sé uppi ágreiningur í málinu um málsatvik og hvernig tengingum er fyrirkomið í þeim húseignum sem kvörtun Mílu tekur til. Í tölvupósti Mílu, dags. 7. maí 2019, er komist svo að orði:

„Svör GR staðfesta að fullu það sem Míla hefur haldið fram að GR er að tengja sig við ólögmætar innanhússlagnir og dagsetningar þeirra tenginga eru á þessu ári. Varðandi [...], 220 Hafnarfirði þá er engin aðgengilegur laus þráður í húskaða tengdur upp eins og reglur um innanhússfjarskiptalagnir gera ráð fyrir. Starfsmaður Mílu kom að starfsmanni GR þegar GR var að tengja í inntaki sínu á staðnum og innti starfsmann GR eftir því hvers vegna hann tengdi lausan þráð á tengilista í húskaða eins og reglur gera ráð fyrir. Starfsmaður GR taldi það vissulega góða hugmynd og taldi að fjarskiptafyrirtækin ættu að koma sér saman um frágang! Hann virtist algerlega óupplýstur um þær reglur sem gilda um innanhússlagnir. Það bendir því ekkert til að GR sé með ferla sem gera ráð fyrir að farið sé eftir gildandi reglum og stöðlum.

Varðandi kostnað vegna ólögmætra tenginga innanhússlagna - þá hefur Míla orðið fyrir miklum kostnaði við að lagfæra tengingar og brjóta upp bræðisuðu til þess að komast að innanhússlögnum þar sem GR hefur með ólögmætum hætti soðið alla þræði við sína fjarskiptalögn. Þá er rétt að minna GR á að reglur um innanhússfjarskiptalagnir eru settar í þeim tilgangi að auðvelda neytendum að skipta um fjarskiptafyrirtæki. Míla hefur frá upphafi fyrstu reglna um innanhússlagnir, frá 2006, sem samdar voru og settar af PFS og mæltu fyrir um að gengið væri frá þráðum á tengilista virt þær reglur og orðið fyrir miklum kostnaði vegna þess. Rétt er að benda á að þessar reglur eru settar í þágu neytenda en ekki einstakra fyrirtækja eins og GR virðist telja, en jafnræði fyrirtækja að innanhússlögnum leiðir til þess að neytendur eiga auðveldara með að skipta um fjarskiptafyrirtæki og með minni tilkostnaði.

Varðandi [...] þá er enginn laus þráður tengdur inn í húskaða, heldur hefur GR haldið uppteknum hætti við bræðisuðutengingar, þ.a. ef annað fjarskiptafyrirtæki þarf að nálgast þráð til innanhússtengingar þá verður að fara inn í inntak GR og ná í þráðinn þar, andstætt þeim reglum sem PFS þekkir og gilda um frágang á lausum þræði þegar að bræðisuða hefur verið viðhöfð.“

3.4. Athugasemdir GR við sjónarmið og athugasemdir Mílu

(11) GR var gefinn kostur á því að tjá sig um athugasemdir Mílu við sjónarmið GR. Með tölvupósti GR, dags. 10. maí 2019, komu fram frekari athugasemdir félagsins. Þar komu fram ítarlegri upplýsingar um aðstæður í fjarskiptainntaki viðkomandi húseigna og um tengidagsetningar. Þá komu jafnframt fram sjónarmið félagsins þess efnis að þvinga ætti félagið til að bera ábyrgð á uppsetningu tengilista í fjarskiptainntaki og mögulegra beitingu dagskekta þar að lútandi. Athugasemdir GR voru á þennan veg:

„Í öllum tilfellum var lagður auka ljósleiðaraþráður og hann því til staðar.

[Engihlíð 5] 220 Hfj. - Húskassi og innanhússlögn til staðar. GR bræðisauð beint við inntak GR. Aukaþráður til staðar og tengilisti sömuleiðis, sbr. myndir í viðhengi.

Tengd í febrúar 2019

Tengilisti til staðar.

Aukaþráður til staðar, raunar auka kapall, sbr. myndir (hvítur og fjólublár).

Kvörtun Mílu því ekki réttmæt, sbr. myndir í viðhengi.

[...] - Tengilisti ekki til staðar skv. Mílu þegar tengja átti viðskiptavin Mílu, húsið var í uppbyggingu og frágangi þegar GR gekk frá samtengingu. GR bræðisauð innanhússlögn við inntak GR. Aukaþráður til staðar. Inntak GR var tengt við íbúðarstrengi 26.10.2017

Nýbygging og gengið út frá því að húseigandi gangi frá tengilista skv. ákvæðum byggingarreglugerðar.

Lagt í tíð eldri reglna.

Síðasta tenging sem GR setti upp / tengdi var 29.4.2019.

[...] - Lagt í tíð eldri reglna. Tengilisti ekki til staðar skv. Mílu þegar tengja átti viðskiptavin Mílu, húsið var í uppbyggingu og frágangi þegar GR gekk frá. GR bræðisauð innanhússlögn við inntak GR. Aukaþráður til staðar.

Síðasta tenging GR var 25.3.2019.

Einnig tengt 30.4.2019 og 6.5.2019.

Fyrst tengt 12-24. febrúar 2018 og splæst í inntaki 25. maí 2018

Nýbygging og gengið út frá því að húseigandi gangi frá tengilista skv. ákvæðum byggingarreglugerðar.

Lagt í tíð eldri reglna.

GR þykir það raunar ótækt ef það verður niðurstaða PFS í málinu að GR sé óheimilt að ganga frá lögnum sínum á framkvæmdatíma og eigi þannig að bera einnig ábyrgð á að byggingaraðili ljúki uppsetningu tengilista. Það getur ekki verið ætlun opinberra aðila að láta eitt félag á fjarskiptamarkaði fjárfesta fyrir annað félag sem í þessu tilfelli er skilgreint með umtalsverðan markaðsstyrk. GR hefur komið þessu að annars vegar í umsögnum um reglur um innanhússlagnir sem og í fyrri málum er varða innanhússlagnir. Í öllum tilfellum er GR að leggja að lágmarki tvo ljósleiðaraþræði fyrir hverja íbúð og er því allt til staðar fyrir Mílu, eða eftir atvikum aðra aðila, að koma á tengingu frá íbúð að sínu fjarskiptaneti. Til eru mismunandi samtengi til notkunar fyrir ljósleiðara og ekki víst að þeir aðilar sem vilja nýta slík samtengi séu öll að nota sömu samtengi. GR getur þar að auki tæplega borið ábyrgð á vinnu byggingaraðila húsnæðis og þykir ótækt að byggingaraðilar geti þannig komist hjá því að fjárfesta í innanhússlögnum sem þeim er skylt að gera skv.

ákvæðum byggingarreglugerðar. Þannig getur það ekki verið á ábyrgð GR að tryggja frágang byggingaraðila, enda er mannvirkjastofnun með eftirlit með því skv. gildandi lögum og reglugerðum, sbr. byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Hvað dagsektir varðar þá er í lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, PFS, að finna heimild fyrir PFS til að leggja á dagsektir í þeim tilvikum sem ekki er farið að ákvörðunum PFS. Hins vegar segir í reglum 1111/2015 að brot á reglunum varði þeim viðurlögum sem fjallað er um í 74. gr. laga um fjarskipti. Þar er hins vegar enga heimild að finna til að leggja á dagsektir heldur er um almenna sektarheimild að ræða fyrir PFS. Því beinir GR því til PFS að vísa beri frá kröfu Mílu um beitingu dagsekta í ljósi þess að viðurlög í ákvæði reglnanna bjóða ekki upp á að dagsektir séu lagðar á hvað þær varðar.“

3.5. Lok gagnaöflunar

(12) Með tölvupósti PFS, dags. 23. maí 2019, var málsaðilum send skýrsla stofnunarinnar um niðurstöður vettvangsathugunarinnar, dags. sbr. viðaukann við ákvörðunina. Var málsaðilum tilkynnt að PFS teldi gagnaöflun í málinu væri lokið, enda kæmu ekki fram athugasemdir við efni skýrslunnar fyrir 27. maí 2019. Engar athugasemdir bárust frá málsaðilum.

IV.

Tengsl kvörtunar við fyrri ágreiningsmál

(13) Ágreiningsmál þetta á sér nokkurra ára forsögu sem þykir rétt að gera stuttlega grein fyrir í þeim tilgangi að halda til haga heildarsamhengi þess.

(14) Árið 2014 kærði Míla GR til PFS og taldi GR hafa brotið reglur PFS um innanhússfjarskiptalagnir með því að sjóða strengenda ljósleiðara beint á innanhússlögn í húskassa í stað þess að nota sérstakan tengilista eins og kveðið var á um í reglum.

(15) Í ákvörðun sinni nr. 32/2014 komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að frágangur á tengingum GR væri ekki samkvæmt þágildandi reglum nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir og skyldi GR nota þar til gerða tengilista og lagfæra þær tengingar sem tengdar höfðu verið með splæsitingu á eigin kostnað.

(16) GR kærði ákvörðun PFS til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sem staðfesti efnislega niðurstöðu PFS með lokaúrskurði sínum í máli nr. 5/2014, en felldi úr gildi fyrirmæli stofnunarinnar til GR um að lagfæra á eigin kostnað þær tengingar sem tengdar höfðu verið með splæsitingu.

(17) Næst sendi Míla inn formlegt erindi til PFS þar sem þess var krafist að GR framkvæmdi úrbætur á frágangi strengenda heimtaugar, þar sem hún tengist innanhússlögn í húskassa í tilteknum húseignum á höfuðborgarsvæðinu. Endurtók PFS þá rannsókn málsins frá grunni, m.a. með því að yfirfara lagagrundvöll þess með tilliti til framkominna sjónarmiða málsaðila. Fyrir lá að frágangur GR á strengendum ljósleiðaraheimtauga í húskössum bryti gegn 7. gr. reglna PFS nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir. Varðandi kröfu um úrbætur þyrfti á hinn bóginn að horfa til þess að innanhússlagnir frá samtengipunkti í húskassa væru á ábyrgð húseiganda, samkvæmt 60. gr. fjarskiptalaga og 4. gr. reglna PFS nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir. Í ljósi ábyrgðar húseiganda var það niðurstaða PFS að Míla gæti ekki beint kröfu um úrbætur að GR. Var kröfu Mílu því hafnað með ákvörðun PFS nr. 29/2015 þann 6. nóvember 2015.

(18) Míla kærði þessa ákvörðun PFS þann 2. desember 2015. Þann 15. desember tóku gildi nýjar reglur um innanhússfjarskiptalagnir nr. 1111/2015, sem heimiluðu það verklag sem GR viðhafði við frágang tenginga í húskaða að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Með úrskurði sínum í máli nr. 10/2015 þann 30. desember 2016 komst úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála að þeirri niðurstöðu að Míla hefði ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins í ljósi þess að krafa félagsins byggði á eldri reglum um innanhússfjarskiptalagnir sem nú væru úr gildi fallnar. Var kröfu Mílu því vísað frá. Míla höfðaði mál til ógildingar á þessum úrskurði og er það mál nú til meðferðar hjá dómstólum.

(19) Þann 16. desember 2015 barst PFS á ný krafa frá Mílu. Annars vegar um að PFS hlutaðist til um að GR bætti úr ólögmetu ástandi fyrir eigin kostnað, að viðlögðum dagsektum og hins vegar að PFS tæki bráðabirgðaákvörðun í málinu. Með bréfi dagsett þann sama dag hafnaði PFS að taka þessar kröfur til frekari meðferðar í ljósi þess að eldri reglur frá 2006 um innanhússfjarskiptalagnir, sem krafan um úrbætur byggði á, voru úr gildi fallnar. Míla kærði þessa niðurstöðu PFS til úrskurðarnefndar sem þann 30. desember 2016 staðfesti hana með vísan til sömu forsendna, sbr. úrskurð í máli nr. 11/2015.

(20) Í framhaldi af þessum ákvörðunum PFS og kærumálum þeim tengdum hafa stofnuninni, það sem af er þessu ári, borist tölvupóstar frá málsaðilum, þar sem um hefur verið að ræða gagnkvæmar ásakanir þeirra um verklag og háttsemi hvors annars við tengingu lagna í fjarskiptainntaki. Með tölvupósti PFS til aðila, dags. 27. febrúar s.l., taldi PFS ástæðu til að leiðbeina um tiltekin meginatriði sem stofnunin taldi vera ljós og fyrirliggjandi, m.a. með tilliti til fyrri úrlausna stofnunarinnar varðandi þessi mál og þeirra breytinga sem gerðar voru á reglum um innanhússfjarskiptalagnir.

(21) Þar sem að báðir aðilar töldu á sér brotið og að aðilar voru sammála um mikilvægi þess að fundin yrði ásættanleg lausn varðandi verklag við að nálgast lausan þráð innanhússfjarskiptalagnar, taldi PFS vera tilefni til að reyna ná sáttum með aðilum. Samþykktu aðilar að þiggja boð PFS um að leiða sáttaviðræður sem fóru fram þann 3. maí 2017. Í ljósi þess að ekki tókst að ná samkomulagi um efni fundargerðar fyrsta sáttafundar taldi PFS ólíklegt að frekari viðræður myndu skila árangri og tilkynnti um lok sáttumleitana þann 18. maí 2017.

(22) Fyrirnefndar leiðbeiningar PFS, auk sáttaviðræðna sem stofnunin hélt með aðilum, dugðu ekki til að leysa ágreining milli aðila. PFS barst því formleg kvörtun GR gegn Mílu, sbr. bréf dags. 2. maí 2017, svo og kvörtun Mílu á hendur GR, sbr. 14. júlí 2017. Leyst var úr kvörtun GR með ákvörðun PFS nr. 25/2017, sem varðaði rétt til aðgangs að lausum þræði innanhússfjarskiptalagnar í fjarskiptainntaki, og úr kvörtun Mílu með ákvörðun PFS nr. 26/2017, sem varðaði ábyrgð á tengingum í fjarskiptainntaki og kröfur um úrbætur. Míla kærði síðari ákvörðunina til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála sem staðfesti ákvörðun PFS, sbr. mál nr. 13/2017. Ekki þykir tilefni til að rekja nánar efni þessara tveggja ákvarðana í ákvörðun þessari, enda hefur úrlausn þessara kvörtunarmála ekki bein tengsl við ágreiningsefni þessa máls, en þess má þó geta að Míla höfðaði mál til ógildingar á úrskurði í máli nr. 13/2017 og er það mál nú til meðferðar hjá dómstólum.

(23) Þann 21. júní 2018 barst PFS tölvupóstur frá Mílu, þar sem kvartað var undan frágangi GR á tengingum í fjarskiptainntaki í húseignum í tiltekinni húseign í Mosfellsbæ. Varðaði umkvörtunarefnið að GR hefði ekki sett upp tengilista í fjarskiptainntaki, eins og krafa er um þegar um er að ræða nýbyggingar fjölbýlishúsa. Leysti PFS úr þessari kvörtun með ákvörðun nr. 16/2018, frá 24. október 2018, þar sem komist var að niðurstöðu um að það væri á ábyrgð

húseiganda að setja upp tengilista. Ef húseigandi vanrækti þá skyldu sína og léti hjá líða að setja upp tengilista hefði það þær afleiðingar að fjarskiptafyrirtækjum væri óheimilt að tengja viðkomandi húseign, enda væri frágangur í fjarskiptainntaki ekki í samræmi við reglur.

(24) Með tölvupósti, dags. 28. nóvember 2018, kvartaði Míla aftur undan því að GR hefði bræðisoðið heimtaug við innanhússfjarskiptalagnir í fjarskiptainntaki í tilteknum húseignum. Í ákvörðun sinni nr. 2/2019 benti PFS á ágreiningsefni þetta hafði áður komið til úrlausnar hjá stofnuninni milli sömu aðila, sbr. ákvörðun nr. 16/2018. Samkvæmt henni væri það á ábyrgð húseiganda að setja upp tengilista í fjarskiptainntaki. Fjarskiptafyrirtækjum væri óheimilt að tengjast húseignum þar sem ekki er fyrir hendi tengilisti. Það var niðurstaða PFS að fyrri ákvörðun stofnunarinnar nr. 16/2018 væri bindandi um ágreiningsefni málsins. Því var kvörtun Mílu vísað frá.

V.

Forsendur og niðurstaða

5.1. Almennt um lagaumhverfi og afmörkun máls

(25) Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 er Póst- og fjarskiptastofnun falið að hafa umsjón með fjarskiptum í lögsögu íslenska ríkisins og hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Þá hafa verið sett sérstök lög um starfsemi og valdheimildir stofnunarinnar, sbr. lög nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, en þar eru jafnframt tilgreind þau verkefni sem stofnuninni ber að vinna að. Í 3. gr. laganna er þannig kveðið á um að Póst- og fjarskiptastofnun skuli *stuðla að samkeppni á sviði póst- og fjarskiptaþjónustu og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti með því m.a. að vinna gegn röskun eða takmörkun samkeppni á mörkuðum fjarskipta- og pósthjónustu*, sbr. a.-lið 2. töluliðar ákvæðisins. Enn fremur með því að *taka þátt í þróun markaðar fyrir fjarskipta- og pósthjónustu og upplýsingatækni með því m.a. að vinna gegn hindrunum í vegi framboðs á fjarskiptanetum, aðstöðu og þjónustu sem þeim tengist og fjarskipta- og pósthjónustu og stuðla að því að gætt sé jafnræðis við meðhöndlun fjarskiptafyrirtækja og póstrekenda sem búa við sömu aðstæður*, sbr. a. og c.-liði 3. töluliðar ákvæðisins.

(26) Að áliti PFS hafa þau markmið fjarskiptalaga sem birtast í tilgreiningu á verkefnum, þ.e. um að vinna gegn röskun á samkeppni, koma í veg fyrir hindranir að aðgangi að aðstöðu og gæta skuli jafnræðis fjarskiptafyrirtækja, þýðingu við túlkun og framkvæmd 60. gr. fjarskiptalaga sem er er svohljóðandi:

„Fjarskiptalagnir í húsnæði áskrifenda, þ.m.t. húskassar, eru á ábyrgð húseigenda. Staðsetning húskassa og allar lagnir í byggingu skulu vera í samræmi við teikningar af byggingunni sem byggingareftirlit hefur samþykkt. Í fjöleignarhúsum skulu húskassar vera innsiglaðir eða læstir og þannig gengið frá lögnum að óviðkomandi eigi ekki greiða leið að einstökum fjarskiptalínum. Þegar fjarskiptafyrirtæki berst umsókn um þjónustu frá áskrifanda skal fjarskiptafyrirtæki eiga rétt á aðgangi að húskassa í viðkomandi byggingu til að tengja sig inn á hann og að lögnum viðkomandi áskrifanda. Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur um frágang húskassa og lagna í þeim tilgangi að tryggja vernd fjarskipta og skilgreina aðgangsheimild fjarskiptafyrirtækja.“

(27) Meginefni ákvæðisins er að mæla fyrir um ábyrgðarskil á milli netrekanda annars vegar og húseigenda hins vegar, en innanhússlagnir frá nettengingu í húskassa eru á ábyrgð húseigenda. Einnig er fjallað um öryggi húskassa og um rétt fjarskiptafyrirtækja til aðgangs að

þeim, en gert er ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun setji reglur m.a. í þeim tilgangi að skilgreina nánar aðgangsheimild fjarskiptafyrirtækja, en það hefur stofnunin gert, sbr. reglur nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, sbr. og reglur til breytinga á þeim nr. 421/2018.

(28) Kvartanir þessa máls varða annars vegar áhrif þess fyrir fjarskiptafyrirtæki að tengja heimtaugar sínar við innanhússfjarskiptalagnir þegar kröfu um uppsetningu tengilista hefur ekki veri fylgt og hins vegar um skyldu húseiganda til að gera lausan þráð innanhússfjarskiptalagnar aðgengilegan í fjarskiptainntaki. Bæði efnisatriðin eiga undir 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, eins og henni var breytt með reglum nr. 421/2018, en ákvæðið er svohljóðandi:

„Í fjarskiptainntaki skal ávallt setja upp tengilista til að tengja strengenda heimtaugar við innanhússfjarskiptalögn. Heimilt er að splæsítengja heimtaug við innanhússfjarskiptalögn í fjarskiptainntaki. Sé splæsítengt í fjölbýlishúsi eða einingaskiptu atvinnuhúsnæði skal leggja a.m.k. einn aukaprád innanhússfjarskiptalagnar frá inntaki til hverrar íbúðar eða einingar og skal lausum aukapráðum innanhússfjarskiptalagnar komið fyrir í tengilista við fjarskiptainntak.“

(29) Eins og fram kemur í lýsingu á aðstæðum í fjarskiptainntaki þeirra húseigna sem mál þetta varða, sbr. kafla II., voru síðustu tengingar á vegum GR settar upp eftir gildistöku reglna nr. 421/2018 um breytingu á reglum nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir þann 1. júlí 2018. Tilvitnað ákvæði 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, á því við um tengingar í fjarskiptainntaki allra þeirra húseigna sem mál þetta varðar.

5.2. Skuldbindingargildi ákvörðunar PFS nr. 16/2018

(30) Eins og sjá má í málsgreinum 23 og 24 ákvörðunarinnar hefur hluti af ágreiningsefni þessa máls milli Mílu og GR áður komið til úrlausnar hjá PFS. Samkvæmt ákvörðun nr. 16/2018 er það á ábyrgð húseiganda að setja upp tengilista í fjarskiptainntaki. Fjarskiptafyrirtækjum er óheimilt að tengjast húseignum þar sem ekki er fyrir hendi tengilisti, en um það var komist svo að orði:

„Ef þær aðstæður skapast að húseigandi eða húsbyggjandi vanræki þær kröfur sem gerðar eru til frágangs á innanhússfjarskiptalögnum, samkvæmt 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, en þær eru óundanþægar hvað þær kröfur varðar, sbr. c-lið 1. gr. reglnanna, að þá er afleiðingin sú að fjarskiptafyrirtækjum er óheimilt að setja upp tengingar í fjarskiptainntaki sem svo er ástatt um, enda væri fjarskiptafyrirtæki þá að taka þátt í því að víkjast undan kröfum reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir.“

(31) Stjórnvaldi ber að gæta að skuldbindingargildi fyrri stjórnvaldsákvörðana sinna við úrlausn stjórnarsýslumála. Með því er jafnframt tryggt að ekki sé hægt að fara í kringum lögbundna kæru- og málshöfðunarfresti með því einu að bera sömu kröfu aftur upp við PFS og fá kæránlega efnisúrlausn um hana að öðru sinni, jafnvel töluvert eftir að frestir samkvæmt fyrri ákvörðun runnu út. Því hefur það verið venja hjá PFS, þegar þessi staða kemur upp, þ.e. sama ágreiningsefni milli sömu málsaðila er borið undir PFS, að frávísa slíkum kvörtunarmálum. Umfjöllun um þetta má t.d. sjá í ákvörðun PFS nr. 25/2017, en þar sagði m.a. þetta:

„Það er viðtekin stjórnarsýsluframkvæmd hjá PFS að fjalla ekki tvisvar sinnum um sama ágreiningsefnið sem varðar sama málsaðila. Slíkum kröfum og/eða

sjónarmiðum málsaðila hafa leitt til frávísunar mála eða PFS litið svo á að málsaðilinn væri bundinn af fyrri úrlausn varðandi tiltekna kröfu eða sjónarmið og það atriði ekki tekið til úrlausnar að nýju.“

(32) Til stuðnings þessari stjórnsluframkvæmd vísar PFS einnig til ákvarðana PFS nr. 8/2017, 2/2019 og 13/2019, auk úrskurðar úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 7/2015 (kafla IV 1).

(33) Eins og fram kemur í lýsingu á aðstæðum í fjarskiptainntaki þeirra húseigna sem mál þetta varða, sbr. kafla II., voru síðustu tengingar á vegum GR settar upp í fjarskiptainntaki að [...] og [...] í Reykjavík settar upp eftir að PFS tók ákvörðun sína nr. 16/2018 þann 24. október 2018.

(34) Niðurstaða PFS í ákvörðun nr. 16/2018, þess efnis að GR hefði í umræddri húseign borið að tengja strengenda heimtaugar í tengilista við inntak sem innanhússlögn tengist með tengisnúru, byggði á túlkun 7. gr. reglna 1111/2015 áður en ákvæðinu var breytt með reglum nr. 421/2018. Því var tekið fram að ákvörðunin að hún væri því ekki bindandi hvað varðar umrædda skyldu sem var felld niður með reglubreytingunni. Á hinn bóginn var PFS mjög skýr um það hvaða fordæmisgildi ákvörðunin hefði fyrir fjarskiptafyrirtæki sem starfa á heimtaugamarkaði, sbr. eftirfarandi:

„Í ljósi leiðbeiningarskyldu sinnar telur PFS því rétt að taka fram að niðurstaða ákvörðunar þessarar, um að GR hafi borið að tengja heimtaug við strengenda innanhúsfjarskiptalagnar í tengilista í inntaki fjarskiptalagna að [...], er því ekki fordæmisgefandi varðandi tengiaðferð þegar kemur að nýbyggingum fjölbýlishúsa. Niðurstaðan getur hins vegar, eftir sem áður, verið fordæmisgefandi um hvernig fjarskiptafyrirtæki eiga að bregðast við verði þau þess áskynja að húseigandi eða, eftir atvikum húsbýggjandi, hafi ekki uppfyllt skyldu sína við að setja upp tengilista.“ [undirstrikun PFS]

(35) Tilvitnuð og undirstrikuð leiðbeining PFS til fjarskiptafyrirtækja sem starfa á heimtaugamarkaði var síðan sérstaklega áréttuð í ákvörðun PFS nr. 2/2019.

(36) Samkvæmt framangreindu er það álit PFS að ákvörðun stofnunarinnar nr. 16/2018 sé bindandi um hluta af ágreiningsefni þessa máls, sbr. nánar í kafla 5.3.1., nema að því er varðar sjónarmið aðila um kröfu Mílu þess efnis að PFS beiti GR þvingunarúrræðum, sbr. kafla 5.4. PFS fjallar því hvorki um né tekur afstöðu til sjónarmiða og málsástæðna málsaðila sem varða túlkun á 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhúsfjarskiptalagnir í þeim hluta málsins, enda séu aðstæður í fjarskiptainntaki þeirra fasteigna sem mál þetta varðar þær sömu og giltu um þá fasteign sem ákvörðun PFS nr. 16/2018 tók til. Það álitaefni kemur til úrlausnar í næsta kafla.

5.3. Aðstæður í fjarskiptainntaki þeirra fasteigna sem mál þetta varða

5.3.1. Krafa um uppsetningu tengilista

(37) Efni kvartana Mílu, sem beinast að frágangi tenginga að [...] og [...] í Reykjavík, varðar kröfu 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhúsfjarskiptalagnir þess efnis að ef heimtaug er bræðisoðin við innanhúsfjarskiptalögn í fjölbýlishúsi skuli ávallt lagður aukaþráður innanhúsfjarskiptalagnar og honum komið fyrir við tengilista í fjarskiptainntaki.

(38) Vettvangsathugun PFS leiddi í ljós að í fjarskiptainntakinu hefður GR tengt viðskiptavin/viðskiptavini með tvíleiðara en skilið aukaþráð innanhússlagnar (einnig tvíleiðari)

í knippi á botni skáps sem hýsir fjarskiptainntakið. Enginn tengilisti fyrir húskassa á vegum húseiganda var fyrir hendi sem Míla gat tengt sínar tengingar við með tengisúru.

(39) Framangreind aðstaða í fjarskiptainntaki er efnislega sú sama og fjallað var um í ákvörðun PFS nr. 16/2018 og varðaði forsendur og niðurstöður þeirrar ákvörðunar. Sú ákvörðun var ekki kærð og stendur hún óhögguð. GR var því óheimilt að virkja heimtaugar sínar við fjarskiptainntak í húseignum að [...] og [...] sem ekki uppfyllti kröfur um frágang, sbr. 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, eins og henni var breytt með reglum nr. 421/2018.

5.3.2. Aðgengi að lausum þræði innanhússfjarskiptalagnar

(40) Kvörtunin sem varðar húseignina að [...] í Hafnarfirði er frábrugðin þeim kvörtunum sem beinast að [...] og [...] í Reykjavík, þar sem fyrir hendi er tengilisti í fjarskiptainntaki þeirrar húseignar. Sú kvörtun lýtur að innanhússlögn tiltekinnar íbúðar í fjölbýlishúsinu hafi verið tekin framhjá tengilistanum í húskassanum og bræðisoðin beint við inntak GR og lokuð inn í inntaksboxi félagsins.

(41) PFS hefur áður fjallað um um rétt fjarskiptafyrirtækis til aðgangs að lausum þræði innanhússfjarskiptalagnar, sbr. ákvörðun nr. 25/2017. Í því máli var fjallað um rétt Mílu til að nálgast lausan þráð innanhússfjarskiptalagnar í inntaksboxi GR, auk þess sem fjallað var um kvörtun GR um að Míla hafi valdið skemmdum og rofi á fjarskiptasambandi með háttsemi sinni. Mál þetta varðar kvörtun Mílu um að GR hafi ekki gert lausan þráð innanhússfjarskiptalagnar aðgengilegan í tengilista eins og gerð er krafa um í 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, eins og henni var breytt með reglum nr. 421/2018. Hér er um að ræða skyldu húseiganda til að gera lausa viðbótarþráðinn aðgengilegan í fjarskiptainntaki, en ekki rétt fjarskiptatækis til aðgangs að lausa þræðinum, sbr. ákvörðun nr. 25/2017. Þótt málin séu efnislega skyld, þ.e. þau varða réttindi og skyldur um sama atriði, að þá er kröfugerðin í málunum ekki sú sama og getur ákvörðun PFS nr. 25/2017 því ekki verið fordæmisgefandi með beinum hætti í þessu máli.

(42) Rétt eins og fjarskiptafyrirtæki hafa til þess rétt að nálgast lausan þráð innanhússfjarskiptalagnar í fjarskiptainntaki bera húseigendur um leið þá skyldu, fyrir sitt leyti, að gera þráðinn aðgengilegan við tengilista í fjarskiptainntaki (húskassa), sbr. í 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, eins og henni var breytt með reglum nr. 421/2018. Þannig má segja að réttur fjarskiptafyrirtækis til að eiga greiðan aðgang að innanhússfjarskiptalögnum feli um leið í sér skyldu húseiganda til að tryggja þennan rétt.

(43) Samkvæmt framangreindu bar GR að koma lausum þræði innanhússfjarskiptalagnar í íbúð [nr. 01-02] að [...] fyrir við tengilista í húskassa fjarskiptainntaksins, sbr. 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, eins og henni var breytt með reglum nr. 421/2018. Húseigandi hafði ekki heimild til þess að samþykkja að GR tengdi framhjá tengilista í húskassa og bræðisyði heimtaugina við annan þráð innanhússlagnarinnar í sínu inntaksboxi.

(44) Hér er ekki um að ræða brot sem GR ber ábyrgð á, en réttur frágangur tenginga í fjarskiptainntaki er á ábyrgð húseigenda, auk þess sem ekki er um að ræða endurtekna háttsemi eða brot GR á skýrum fyrirmælum samkvæmt ákvörðun PFS. Brot þetta getur því ekki verið, eins og hér háttar til, andlag dagsekta eins og Míla gerir kröfu um. Kröfu Mílu um beitingu dagsekta gegn GR vegna teningar í íbúð [...] að [...] í Hafnarfirði er því hafnað.

5.4. Krafa Mílu ehf. um beitingu dagsekta

(45) Öðruvísi háttar hins vegar til um tengingar í fjarskiptainntaki að [...] og [...] í Reykjavík. Í þeim tilvikum er um ræða endurtekna háttsemi sem GR sjálf ber ábyrgð á og er í andstöðu við niðurstöðu PFS samkvæmt ákvörðun nr. 16/2018, sbr. og ákvörðun nr. 2/2019, þess efnis að fjarskiptafyrirtæki sé óheimilt að virkja heimtaug við innanhússfjarskiptalagnir í fjarskiptainntaki sem uppfyllir ekki kröfu um uppsetningu á tengilista, sbr. 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, eins og henni var breytt með reglum nr. 421/2018. PFS telur að það komi vel til álita að leggja dagsektir á GR, þ.e. hvað varðar tengingar í fjarskiptainntaki að [...] og [...].

(46) Þegar horft er til þeirra sjónarmiða sem liggja til grundvallar 2. og 3. mgr. 73. gr. fjarskiptalaga verður þó að telja að fyrst beri að veita fjarskiptafyrirtæki tækifæri til að færa háttsemi sína til samræmis við lög, þ.m.t. til einstakra ákvarðana PFS um túlkun og framkvæmd fjarskiptalaga. Hér átt við að GR taki úr notkun þær heimtaugar í fjarskiptainntaki sem ekki uppfyllir kröfur samkvæmt 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, eins og henni var breytt með reglum nr. 421/2018. Verður að telja eðlilegt að GR tilkynni viðkomandi notandanum um slíka aðgerð með eins mánaðar fyrirvara áður en hún kemur til framkvæmda. Einnig verður að gera ráð fyrir því að húseigandi geti sjálfur, eða eftir atvikum með aðkeyptri þjónustu viðurkenndra fagmanna, gert ráðstafanir til úrbóta í fjarskiptainntaki svo að ekki þurfi að koma til þess að GR taki tengingarnar úr notkun, enda fjarskiptainntakið þá orðið í samræmi við kröfur. PFS telur því ekki tímabært, að svo stöddu, að fjalla um kröfu Mílu um að beita GR dagsektum vegna tenginga í framangreindum húseignum og er henni því hafnað. Rétt er að taka fram, í þessu samhengi, að PFS getur einnig ákveðið að leggja dagsektir á fjarskiptafyrirtæki án kröfu aðila.

(47) Í tengslum við úrlausn um kröfu Mílu um beitingu þvingunarúrræða gegn GR telur PFS nauðsynlegt að fjalla um afstöðu GR til þess að félaginu verði gert að breyta háttsemi sinni, sbr. tölvupóst dags. 10. maí s.l. GR telur það ótækt að félaginu verði bannað að ganga frá lögnum sínum á framkvæmdatíma húsbyggingar og eigi þannig að bera ábyrgð á að byggingaraðili ljúki við uppsetningu á tengilista í fjarskiptainntaki.

(48) Þessu til að svara að þá er með ákvörðun þessari ekki verið að hindra GR í að nýta hagræðið sem felst í því að leggja heimtaugar og draga í innanhússfjarskiptalagnir á byggingarstigi húsa. Hins vegar eru gerðar tiltekna kröfur til frágangs tenginga í fjarskiptainntaki sem húseigandi (eða húsbyggjandi fyrir afhendingartíma fasteignar) ber ábyrgð á að uppfylla. Ekki er verið að færa þessa ábyrgð yfir á GR, en félagið má heldur ekki, með samþykki húseiganda, horfa framhjá þessum kröfum. Þetta hefur PFS fjallað margoft um í fyrri ákvörðunum sínum vegna ágreinings um frágang tenginga í fjarskiptainntaki. Þá er það ekki rökbundin afleiðing af ákvörðun þessari að GR þurfi að bera aukinn kostnað, sbr. athugasemd félagsins í tölvupósti frá 17. apríl 2019, þar sem ábyrgðin og þar með kostnaðurinn fellur á húseiganda.

(49) Afleiðing þess að húseigandi uppfyllir ekki kröfur um frágang á fjarskiptainntaki í samræmi við kröfur 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir er sú að hann fær ekki fjarskiptatengingu í gegnum inntakið. Þetta er ekkert ósvipað því ef húsbyggjandi gengur ekki frá rafmagnstöflu í samræmi við staðla og kröfur að þá er engu rafmagni hleypt á viðkomandi húseign. Það sama á við um ef ekki er gengið frá tengigrind hitaveitulagna í samræmi við staðla og kröfur, en uppsetning á tengigrind og réttur frágangur á henni er forsendan fyrir því að vatni er hleypt á kerfið.

(50) Þá telur GR að PFS sé ekki heimilt að leggja dagsektir á félagið, þar sem brot á reglum nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir varða viðurlögum samkvæmt 74. gr. fjarskiptalaga, en þar er ekki getið um heimild PFS til að leggja á dagsektir. Með tilliti til þess að ekki eru lagðar á dagsektir á GR með ákvörðun þessari er óþarft, að svo stöddu, að taka afstöðu til málsástæðu félagsins hvað þetta varðar.

Ákvörðunarorð

- 1. Kröfu Mílu ehf. um að leggja dagsektir á Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. fyrir að virkja heimtaugar í fjarskiptainntaki sem ekki uppfylla kröfu 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, eins og henni var breytt með reglum nr. 421/2018, er hafnað.**
- 2. Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. var óheimilt að virkja heimtaug við þræði innanhússfjarskiptalagna í fjarskiptainntaki að [...] og [...] í Reykjavík, þar sem ekki var fyrir hendi tengilisti í fjarskiptainntaki, sbr. kröfu 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, eins og henni var breytt með reglum nr. 421/2018.**
- 3. Með vísan til 2. mgr. 73. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 ber Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. að taka úr notkun heimtugar félagsins sem tengjast innanhússfjarskiptalögum að [...] og [...] í Reykjavík eigi síðar en 1. júlí 2019 að viðlögðum mögulegum dagsektum, sbr. 12. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, þar til bætt hefur verið úr hinu ólögmeta ástandi. Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. ber að tilkynna viðkomandi notendum um tíma- og dagsetningu slíkrar aðgerðar með eins mánaðar fyrirvara.**
- 4. Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. bar að koma lausum þræði innanhússfjarskiptalagnar í íbúð [...] að [...] í Hafnarfirði fyrir við tengilista í húskassa fjarskiptainntaksins, sbr. 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, eins og henni var breytt með reglum nr. 421/2018. Húseigandi hafði ekki heimild til að samþykkja frávik frá þeirri kröfu.**
- 5. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. sömu laga getur aðili einnig borið ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.**

Póst- og fjarskiptastofnun, 29. maí 2019

Hrafnkell V. Gíslason

Björn Geirsson